

Afreksstefna SÍL

(Endurskoðuð á 36. Siglingaþingi)

1. Staðan í dag

1.1 Forsaga

Siglingasamband Íslands hefur verið starfandi frá árinu 1973 og hefur á þeim tíma fjórum sinnum átt keppendur á Ólympíuleikum. Þar til 2001 var ekki nein sérstök stefna í gangi hjá SÍL varðandi uppbyggingu afreksmanna og hefur það verið að frumkvæði einstaklinganna sjálfra sem vilja ná afrek.

Árið 1997 setti SÍL þá stefnu að lögð verði áhersla á æfingar og keppni á Optimist-kænum fyrir börn og unglinga og Laser-kænum fyrir þá eldri. Árið 2006 bættust 18 tveggja manna kænur af Topper Topaz gerð keppnis og æfinga starfið.

1.2 Staðan

Árið 1997 má segja að sé upphafið að núverandi ástandi í afreksmálum SÍL. Þá var keppt í siglingum á Smáþjóðaleikunum í Reykjavík og voru þá fluttir inn 22 nýir Laser bátar sem allir komust í notkun eftir leikana. Í framhaldi af því tóku tveir siglingamenn þátt í Heimsmeistaramótinu í Dubai vorið 1998. Sumarið 1998 var nokkuð öflugt í kænusiglingum og var einkum siglt á Laser.

Í lok árs 1999 kom óformlegt boð til SÍL um að þiggja eitt af boðsætum í Laser flokki á Ólympíuleikunum í Sydney og var þegar leitað til ÍSÍ sem formlega mundi óska eftir boðinu fyrir okkar hönd. Það gekk eftir og fengum við þátttökurétt fyrir einn siglingamann á Ólympíuleikana. Stjórn SÍL valdi strax Hafstein Ægi Geirsson sem fulltrúa Íslands á leikana og var hann við æfingar og keppni í Frakklandi, Danmörku og Hollandi frá mars og fram í júní, síðan aftur í ágúst. Hafsteinn tók síðan þátt í leikunum sem haldnir voru í september og hafnaði þar í næst síðasta sæti. Hafsteinn Ægir hélt síðan áfram æfingum hér heima og erlendis í samræmi við afreksstefnu SÍL og náði settu marki að taka þátt í Ólympíuleikunum í Apenu 2004 þar sem hann náði 40 sæti af 42.

1.3 Aðstaða - Búnaður

Aðstaða til siglinga er í meginatriðum góð hér heima en tímabilið er stutt maí til september. Hægt er að æfa yfir veturinn en þá getur verið kalt og ekki hægt að vera lengi á sjó í einu.

Hjá sumum siglingafélögum er geymsluaðstaða fyrir báta og búningasklefar en þó er sú aðstaða víðast hvar mjög bágborin.

Búnaður í eigu félaganna er einnig víðast hvar orðinn gamall og úr sér genginn. Í barna- og unglíngastarf eru notaðir Optimist, Laser og Topper Topaz bátar.

1.4 Útbreiðsla

Siglingaþróttin er ekki mjög útbreidd hér á landi og eru kænusiglingar að mestu stundaðar hér á suðvesturhorninu og á

Akureyri. Átak hefur verið gert í útbreiðslu íþróttarinnar með útgáfu kennslubóka sem dreift var í grunnskóla og bókasöfn um land allt. Einnig hafa verið haldin siglingnámskeið fyrir börn og unglinga víða um land. Nauðsynlegt er að halda því starfi áfram. Samstarf við fjölmiðla hefur gengið erfiðlega en haldið verður áfram á þeirri braut, auk þess sem haldið verði áfram við uppbyggingu og viðhald heimasíðunnar.

1.5 Veikleiki / styrkleiki

Í dag er einn mesti veikleiki íþróttarinnar hvað hún er lítt útbreidd. Siglingar hafa alla burði til að eflast með útbreiðsluherferð um allt land en mjög góð aðstaða frá náttúrunnar hendi er í flestum sjávarplássum landsins. Skortur á siglingakennurum og þjálfurum háir einnig starfinu.

1.6 Hvað er í boði hér heima?

Hér heima er hægt að sigla og æfa tækni, hraða og reglur.

1.7 Hvað þarf að sækja erlendis?

Sækja þarf keppnisreynslu erlendis, vegna eðlis íþróttarinnar er ekki hægt að mæla tíma og fá með honum marktækan samanburð. Sigla þarf meðal þeirra bestu til að vita stöðu sína gagnvart þeim.

2. Skilgreining á afreki

2.1 Afrek

Afrek telst vera að komast upp fyrir 100 á heimslista í Ólympíuflokki

3. Markmið

3.1 Almennt markmið

Markmið Siglingasambands Íslands með stefnu þessari er að bæta árangur í siglingum á Íslandi. Einnig að útbreiða íþróttina og skapa grundvöll til framtíðar, íþróttalega og fjárhagslega.

3.2 Langtímamarkmið

Siglingasamband Ísland stefnir að því að eiga a.m.k. einn keppanda sem nær að tryggja sér sæti á Ólympíuleikunum í London 2012.

3.3 Áfangamarkmið

Stefnt skal að því að gefa sem flestum tækifæri á því að komast á heims- og Evrópubikarmót á hverju ári og eiga þá möguleika á að komast á heimslista.

4. Skipulag

4.1 Siglingasamband Íslands

Siglingasamband Íslands fer með málefni siglingaíþróttarinnar gagnvart ÍSÍ og er aðili að Alþjóðsiglingasambandinu.

4.2 Verkefnisstjóri

SÍL skipar ár hvert verkefnisstjóra sem skal fylgja stefnu þessari og sjá til þess að markmiðum hennar sé náð. Honum er fyrst og fremst ætlað að undirbúa afreksfólk fyrir þátttöku í ÓL, HM, EM Smáþjóðaleikum og NM. Hann sjái um að þeir sem valdir eru til verkefna standist þær kröfur sem til þeirra eru gerðar, skipuleggi æfingabúðir og fylgi þeim á erlend mót.

4.3 Val á keppendum

Til þess að taka þátt í landsliðsverkefnum þurfa iðkendur að vera í góðu líkamlegu formi, hafa lent í efstu þremur sætum á Íslandsmóti á undangengnum tveimur árum í viðkomandi flokki eða sannað sig á annan hátt. Stjórn SÍL ásamt verkefnisstjóra skulu í sameiningu velja hóp fyrir hvert starfsár.

4.4 Siglingafélög

Á landinu eru nú starfandi sex virk siglingafélög en stjórn SÍL skal vinna í því að fjölga þeim og útbreiða íþróttina.

4.5 Íþrótt- og ólympíusamband Íslands (ÍSÍ)

Siglingasambandið er aðili að ÍSÍ sem er aðili að Alþjóða-ólympíunefninni og formlegur þátttakandi í Ólympíuleikum.

4.6 Stuðningsaðilar

Hér verður sett inn listi yfir stuðningsaðila og nánari skilgreining á þeim

5. Framkvæmd

5.1 Staðan í dag

Í dag á SÍL þrjá aðila sem líklegir eru til afreka og er það afrakstur uppbyggingar undanfarinna ára. Kostnaður við flutning á bátum á erlend mót er umtalsverður sem ásamt aukinnar áherslu á uppbyggingu íþróttarinnar innanlands hefur tekið toll af þátttöku í erlendum mótum. Því eru engir íslenskir siglingamenn nú skráðir á heimslista alþjóðsiglingasambandsins.

Í þeim sex félögum sem starfa eru u.þ.b. 30 efnilegir krakkar sem sigla á kænnum en mikil uppsveifla hefur verið í félögunum kvað varðar iðkun barna og unglunga. En hátt á 2000 börn og unglingar taka þátt í siglinganámskeiðum ár hvert.

5.2 Uppbygging

Nú þegar búið er að stækka flota siglingafélaganna umtalsvert verður auðveldara að halda ungmennum í íþróttinni og er vonast til þess að fleiri skili sér á Laser sem mun áfram verða okkar aðal

keppnisbátur á alþjóðavettvangi. Æfingabúðir hafa verið haldnar hér ár hvert og munum við halda því áfram með innlendum og erlendum þjálfurum.

Á hverju vori verði tveir þátttakendur sendir í æfingabúðir erlendis og keppa síðan á þremur til fjórum mótum.

Æfingabúðirnar enda með móti þar sem valdir verða þátttakendur á erlend mót og til þess að taka þátt í æfingabúðum erlendis vorið eftir.

Að öðru leiti verður unnið að fræðslu og þjálfun í siglingum samkvæmt sérstakri áætlun þar um.

5.3 Erlendar keppnir – þátttökuáætlun á ári

Optimist:

Félagsmót á norðurlöndum

Norðurlandamót

Laser:

Smáþjóðaleikar

Evrópubikarmót

Heimsbikarmót

Heimsmeistaramót

Ólympíuleikar

6. Kostnaðaráætlun

6.1 Kostnaður á ári

Æfingabúðir erlendis	1.000.000,-
Keppnisgjöld og bátaleiga	750.000,-
Æfingabúðir hér heima	500.000,-
Ferðakostnaður	1.000.000,-
Alls:	3.250.000,-

6.2 Heildarkostnaður 2009 - 2012

Æfingabúðir erlendis	4.000.000,-
Keppnisgjöld og bátaleiga	3.000.000,-
Æfingabúðir hér heima	2.000.000,-
Ferðakostnaður	4.000.000,-
Alls:	13.000.000,-

6.3 Tekjuáætlun á ári

Framlög SÍL	1.000.000,-
Afrekssjóður ÍSÍ	1.400.000,-
Frjáls framlög	850.000,-
Alls:	3.250.000,-

7. Endurmat og eftirlit

7.1 Endurmat

Verkefnisstjóri skal ár hvert skila stjórn SÍL skýrslu þar sem síðasta ár er skoðað. Stjórnin og Landsliðsnefnd meti stöðuna og grípi til ráðstafanna og/eða geri breytingar á áætlun

7.2 Eftirlit

Verkefnisstjóri hefur eftirlit með þátttakendum og þeim verkefnum sem gengist er fyrir í nafni SÍL
Stjórn SÍL annast fjárhagslegt eftirlit og skal sjá til þess að fjárhagsáætlun standist.

8. Árangur

8.1 Íþróttamaður

Þess er vænst af þeim íþróttamönnum sem taka þátt í verkefninu að þeir stundi æfingar af krafti og hafi löngun og getu til þess að ljúka því með AFREKI.

8.2 Æfingaaðstaða

Vonast er til þess að félögin í landinu leggi sitt að mörkum til þess að ná megi þessum árangri og unnið verð að því á hverjum stað að auka við búnað þann sem þarf til æfinga og keppni.